

# Talmál - ritmál

## Talmál

- Eldra – upprunalegra
- Óformlegar samræður
- Gengur hratt fyrir sig
- Stuttur umhugsunartími
- Útkoman varðveitist sjaldan

## Ritmál

- Þróast af talmáli
- „Æðra/betra“ en talmál
- Formlegar ritsmíðar
- Lengri umhugsunartími
- Hægt að fínpússa
- Auðvelt að varðveita útkomuna

# Einkenni

## Talmál

- Hik og hikorð algeng
- Leiðréttingar og endurtekningar algengar
- Stundum samhengislítið eða í belg og biðu
- Áhersluorð, slettur og slangur algeng

## Ritmál

- Framsetning skipulögð og reglubundin
- Hátt hlutfall merkingarorða
- Vandað málfar

# Stundum skarast ritmál og talmál

## Undirbúið talmál:

- Fyrirlestrar
- Ræður
- Fréttir
- Viðtöl - fyrirspurnir

## Óformlegt ritmál:

- Tölvupóstur
- sms, blogg, Facebook, snapchat
- Spjallrásir
- Sendibréf og kort
- Skilaboð



# Óformlegt orðalag

## Slangur

Orðalag sem vísar frá viðurkenndu málsniði, algengt meðal unglinga. Einkennist af styttingum, slettum og umritunum. Oft myndrænt.



Dæmi: fössari, veiðigalli, fjöl, skomm bændabrúnka, minnispinni

## Slettur

Orð úr erlendu máli, oftast ensku, tekin beint eða illa aðlöguð inn í íslensku. Gildir líka um erlendar skammstafanir

Dæmi: dissa, fæn, actually, GOAT, SWAG

# Dæmi um óviðeigandi framsetningu.

## Hvað þarf að laga?

Já okey því ég er svo léleg í ensku þannig að er í lagi að ég sendi þér bara í gegnum þetta svona til að byrja með og læri á þetta svona smám saman en hér ég hérna er einhver tímasetning því ég er að vinna líka sko þannig að é gvil bara vita það því svo ég geti skilað því á réttum tíma! En hér með þetta allt saman eins og blóðberg er ekki hægt að fá hljóðbók

fyrir mig?

en láttu mig vita sem fyrst! Það væri fínt að hafa lengri því það er bara betra fyrir mig því ég er líka að vinna og kem heim læri og þá er ég ekki búin fyrr en svona á mánudegi en það er betra að vera viss um að hafa lengri skilafrest en ef það er bara hægt?

# Hvað þarf að hafa í huga?

Þegar skrifa/flytja á texta þarf að hafa ýmislegt í huga:

- Hvar og hvenær passar það?
- Viðtakandi; fyrir hvern er það?
- Efni

